**119. löggjafarþing 1995.** **Nr. 2/119.**
**Þskj. 119 — 32. mál.**

## Þingsályktun

### um mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar.

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega þeirri ákvörðun breskra stjórnvalda að veita Shell-olíufélaginu leyfi til að sökkva olíupallinum Brent Spar með margvíslegum eiturefnum í Atlantshafið. Skorar þingið á bresk stjórnvöld að endurskoða ákvörðun sína og koma í veg fyrir að olíumannvirkjum á bresku yfirráðasvæði í Norðursjó verði fargað með þessum hætti.

*Samþykkt á Alþingi 15. júní 1995.*